

68. fundur

10. maí 2021

2009629SA

Málalykill: 16.32

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Þroskaþjálfafélags Íslands (ÞÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) mánudaginn 10. maí 2021 í fjarfundi kl. 11.30.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Launaröðun þroskaþjálfara

Fulltrúar ÞÍ gera athugasemd við launaröðun þroskaþjálfara í málefnum fatlaðra og telja að starfsmaður eigi að ráðast sem ráðgjafi í málefnum fatlaðs fólks eða ráðgjafarþroskaþjálfari.

Niðurstaða:

Fyrir liggur starfslýsing þroskaþjálfara í málefnum fatlaðra sem á ekki við starfaskilgreiningu samkvæmt kjarasamningi. Þroskaþjálfari í málefnum fatlaðra er starfsmaður á heimili eða dagþjónustu. Samstarfsnefnd samþykkir að starfi sé bráðabirgðaraðað af Verkefnastofu starfsmats og að það fari í mat.

2. Fundur vegna bókunar 9 í kjarasamningi

Samstarfsnefnd er sammála um að boða til fyrsta fundar vinnuhóps vegna bókunar 9 í byrjun júní 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00